

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 288

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi.

**Dagsetning og tími:** 26. nóvember 2019 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Stefán Gíslason (SG), Bjarni Guðmundsson SASS og fulltrúar sveitarfélaga með aðild að SOS, Árni Eiríksson Flóahreppi, Eydís Indriðadóttir Flóahreppi, Ásta B. Ólafsdóttir Ásahreppi, Valtýr Valtýsson Ásahreppi, Ingibjörg Harðardóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Ásta Stefánsdóttir Bláskógabyggð, Helgi Kjartansson Bláskógabyggð, Ása Valdís Árnadóttir Grímsnes- og Grafningshreppi, Halldóra Hjörleifsdóttir Hrunamannahreppi, Aldís Hafsteinsdóttir Hveragerði og Elliði Vignisson Ölfusi.

### 1. Upplýsingafundur SOS með aðildarsveitarfélögum.

Stefán Gíslason kynnti stöðuna í móttöku blandaðs úrgangs í Fíflholtum og Stekkjavík. Lokað hefur verið fyrir móttöku í Fíflholtum nema fyrir dýrahæ, en þar eru um 500 tonn eftir sem dugað gæti í hálf ár. Útflutningur virðist því eina færa leiðin í dag þó Terra gæti e.t.v. flutt eitthvað í Kölku.

Einnig kynnti Stefán álitaeftni um kaup á hræbrennslutækjum, flokkun og fleira.

SG greindi frá því að fullreynt er talið að fundinn verði nýr urðunarstaður á næstu misserum. Í því sambandi lýsti hann hugmyndum um hugsanlega nýtingu eldri urðunar- og úrvinnslustaða á Suðurlandi.

Formaður fór lauslega yfir stöðu samningamála um móttöku í ljósi VEAT auglýsingar SOS. GHH upplýsti frekar um þau sömu mál og væntanlegt framhald.

Stjórn samþykkir að boðað verði til næsta fundar stjórnar, og þá með aðildarsveitarfélögunum, þann 15. janúar næstkomandi klukkan 14:30.

Fundi slitið klukkan 16:30